

**Ed. 1010. Breytingartillögur [318. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986.

Frá Stefáni Benediktssyni og Helga Seljan.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1987, eftir reglum sem félagsmálaráðherra setur, til þess að létta skuldabyrði þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985. Reglurnar skulu miðast við að tiltekinn hluti skuldaaukningar umfram hækkun almenns kaupgjalds fram til 31. des. 1985, sem beint má rekja til íbúðaröflunar, myndi endurgreiðsluhluta sem gangi sem óafturkræft framlag til þess að greiða vanskilaskuldir, lækka skammtímaskuldir eða skuldir til langs tíma hjá viðkomandi og þá í fyrrgreindri forgangsröð.